

Ed. 58. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Aftan við 89. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið ákveður í gjaldskrá þóknun til stefnuvotta fyrir hverja birtingu. Þóknun ásamt endurgjaldi fyrir ferðakostnað greiðir sá, sem beiðst hefur birtingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi numin 5. gr. laga nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði um þóknun til stefnuvotta er nú að finna í lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. Við endurskoðun þeirra laga hefur orðið að ráði að flytja sérstakt frumvarp til laga um hreppstjóra. Ákvæði um þóknun til stefnuvotta þykja eigi eiga heima í slíkum lögum, enda eru hreppstjórar eigi lengur stefnuvottar af sjálfu sér. Fer bezt á, að ákvæði þetta sé meðal annarra almennra ákvæða um stefnuvotta í lögum um meðferð einkamála í héraði. Eðlilegt þykir, að þóknun til stefnuvotta sé ákveðin í gjaldskrá, en ekki bundin í lögum, og er það efni frumvarps þessa.